gagnvart skipulagstillögu af þessu tagi um þetta svæði. Það er því augljóst að auglýsa þarf aftur þessa tillögu þar sem núverandi staða er röng og gefið í skyn að breyta eigi dauðu svæði í byggingarland - einnig er logið til um mikið samráð, sem var ekkert um ítarlega hönnun á þessu þróunarsvæði. Svæðið er orðið þannig hluti að hverfinu að fara þarf í raunverulegt samráð sem nær til íbúa mun stærra svæðis en einungis næstu húsa. Engin hugmyndavinna var sett af stað fyrir þetta þróunarsvæði, sem hefði verið eðlilegt að vinna með íbúum hverfisins. Það má nefnilega lífga við dauðt svæði með einföldum aðgerðum, líkt og nú er búið að gera á svæðinu og fleiri breytingar í sömu átt mundu styrkja svæðið. Það mætti vinna áfram með vestari hlutann og setja t.d. ærslabelg og/eða sparkvöll. Byggingar, minni í sniðum, mættu koma austar í náttúrulegu framhaldi af Suðurhólum 35. Ef það ætti að lagfæra framsetta tillögu þá mætti skera niður byggingamagnið. Það mætti fella út bygginguna (NV) sem er mest í norður og vestur og einnig skera af næstu byggingalínu fyrir sunnan sem svarar staðsetningu NV byggingarinnar. Syðsta línan mundi halda sér. Það væri skárri tillaga. Þá verður ekki rask á norð/vestur horni svæðisins og fallegi trálundurinn mun halda sér, sem og nýi leikvöllurinn.

Umrædd skipulagstillaga USK25040245 : <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1025>

Í tillögu um breytingu við **Krummahóla - USK25040244** á að byggja 6 íbúðir á litlum reit þar sem nú eru bílastæði með hverfis/götuhleðslu fyrir rafmagnsbíla. Í ljós hefur komið að þetta kemur flatt upp á íbúa hverfisins. Í samráði um hverfissskipulag var ekki vakið athygli á því að byggja ætti á þessum reit. Reiturinn er ekki merktur sem þróunarsvæði og fékk þessi reitur hvergi áberandi lit í kynningargögnum. Það sem var áberandi fyrir þennan reit var merking um að þarna ættu að vera bílastæði fyrir hverfis/götuhleðslu fyrir rafmagnsbíla. Enda varð það svo að borgin framkvæmdi skv. hverfissskipulaginu og setti milljónir í að setja upp bílaplan og rafmagnshleðslu sem er mikið notuð. Einnig hafa verið á þessu ári endurnýjaðar gangbrautir/hraðahindranir yfir Krummahóla og Norðurhóla sem tengjast göngustíg sem á nú að fjarlægja. Aftur er borgin að framkvæma í takti við hverfissskipulag og lætur þá líta út fyrir með verkum sínum að búið sé að framkvæma skv. hverfissskipulagi. Íbúar hafa því ekki verið vakandi fyrir því að borgin ætli sér að rífa upp nýja framkvæmd og byggja þar hús. Það er eins og borgin viti ekki sjálf hvað hún ætli að gera eftir nokkur ár, sturtandi milljónum í framkvæmdir sem standa svo bara í nokkur misseri. *Þessi tillaga gengur svo mikið á skjön við hverfissskipulagið að hún staðfestir virðingarleysi borgarinnar gagnvart íbúum og samþykktu hverfissskipulagi. Það er með ólíkindum að ný tillaga innifelur ekki í sér áframhaldandi rafmagnshleðslu fyrir bíla.* Mikið er af fjölbýlishúsum í nágrenninu þar sem getur verið takmarkað svigrúm til að koma upp rafmagnshleðslu. Til framtíðar hefði mátt sjá fyrir fjölgun á hleðslustaurum á þessum reit. Einnig hafa vafalaust einhverjir íbúar keypt sér rafmagnsbíl í þeirri trú að geta hlaðið bíl þarna í hverfinu, fáum skrefum frá heimili sínu. Það má líka færa rök fyrir því að **þessi skipulagstillaga sé gölluð og ætti að fara aftur í auglýsingu.** Hvergi í texta er gert grein fyrir því að það sé verið að falla frá þeirri samþykkt hverfissskipulags að reiturinn innihaldi bílastæði fyrir rafmagnshleðslu. Hvergi er fjallað um þá breytingu og hvaða þýðingu hún hefur. Þá er einnig sá galli að lýsing á “núverandi stöðu” er röng. Sagt er að nú sé á reitnum stórbílastæði, sem er rangt. Þannig var það fyrir nokkrum árum. Nú er þarna almennt bílaplan, ásamt hleðslustæðum. Sem sagt, aftur er verið að blekkja með því að dekkja núverandi stöðu og því er tillagan að lýsa rangri breytingu sem gerir hana líklegri til samþykktar. Myndir sem má finna hjá borginni sýna

núverandi stöðu einungis sem lokað stórbílastæði - auðvitað hljómar vel að byggja þar. En raunin í dag er auðvitað allt önnur. Þá má spyrja sig hvort það sé vistlegt fyrir fólk að búa í þessum byggingum sem eiga að rísa. Íbúðirnar eru umkringdar umferðargötum, stórum blokkum og þeirra bílastæðum. Skuggavarp er mikið og útsýnið út um gluggann ekkert nema óspennandi bílskúrar og bílastæði.

Umrædd skipulagstillaga USK25040244 : <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1022>

Í tillögu um breytingu við **Austurberg/Hraunberg - USK25040246** er *aftur farið gegn því hverfisSKIPULAGI sem fór í samráð fyrir mörgum árum*. Samt sem áður er vísað til þess samráðs til að rökstyðja þessa breytingu. Aftur er verið að vísa til þess sem var skrifað inn í hverfisSKIPULAGIð mörgum árum eftir samráð um stóru myndina. Ekkert samráð var um það sem ítarlega var skrifað inn í hverfisSKIPULAGIð mörgum árum síðar. Ákveðið byggingarmagn var þá skrifað inn en nú er sagt, líkt og í tillögunni um Krummahóla, að verið sé að skera niður byggingarmagn. Það sem var hins vegar í samráðinu um hverfisSKIPULAG var að hornið Austurberg/Hraunberg var merkt sem miðsvæði og þar átti að þróa einhverskonar torg. Og aftur er því þessi **tillaga gölluð og ætti að fara aftur í auglýsingu**. Hvergi er fjallað um þá breytingu að verið sé að breyta þessu horni úr miðsvæði í byggingarreit. Ekkert fjallað um þýðingu þess, eða hvers vegna nú sé verið að fara á skjön við samþykkt hverfisSKIPULAG. Það á því ekki að koma neinum á óvart að bygging á þessum stað komi fólk á óvart - engin slík hugmynd var uppi þegar samráð um hverfisSKIPULAG fór fram. Þá er þessi bygging sem teiknuð er í þessari tillögu á skjön við allt umhverfi sitt. Hún rímar engan vegin við önnur hús í hverfinu og passar engan veginn inn í götumynd Austurbergs. Hún mun standa þarna út úr öllu öðru. Hún eyðileggur alla víðsýni við gatnamótin og það er verulega slæmt fyrir öryggi vegfarenda. Þetta eru mjög flókin og umferðarmikil gatnamót, af bílum og fólk. Skert sýn mun ekki einfalda vegfarendum að fikra sig um gatnamótin, sem eru flókin vegna þess að Hraunberg og innkeyrsla inn á bílaplan FB eru ekki beint á móti hvort öðru.

Umrædd skipulagstillaga USK2504026 : <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1023>

Tillögur þessar eru allar á skjön við það sem fór fram í samráði um hverfisSKIPULAG Breiðholts. Framlagning þeirra og möguleg samþykkt á þeim er mikið virðingarleysi gagnvart öllu ferli hverfisSKIPULAGSINS sem og íbúum Breiðholts.

Guðlaugur Kr. Jörundsson
Breiðhýltingur og íbúi í Krummahólum

- Hrafnsumna Hyrrokkin Celeste Ross

Umsögn birt **11.08.2025**

Tek undir það sem önnur hafa sagt. Það er mjög skrítið að vilja byggja á þessari brekku. Ég fór líka yfir kynninguna á þessum plönunum sem sett voru fram fyrir 10 árum og sé að það er næstum ekkert talað um þetta svæði, sést bara hornið á áætlaðri byggingu á einni lítilli mynd. Ég set líka spurningamerki við það hversu vel þetta var kynnt fyrir íbúum breiðholts því ekkert af núverandi íbúum Austurbergs 28 virtist kannast við þessi plön, né hafa nýlegir íbúar verið upplýst um þau þegar íbúðir voru keyptar á þessum 10 árum sem þetta lá fyrir.

- [JPG](#)

[inbound1341493827924567191.jpg](#)

5

- R



Þétting - Hraunberg

Hugmynd að þéttingu með litlum fjölbýlishúsum á 3 hæðum sem mynda skjólgóð útirými. Þétting gæti numið 40 - 60 íbúðum.

Jósef Benjamín Guðmundsson

Umsögn birt **10.08.2025**

Bý í austurbergi 28 og þetta plan er stórfurðulegt.

Þetta lest eins og eitthvað draumóra plan sem hefur verið sett saman eftir eina göngu um hverfið af manneskju sem hefur aldrei eytt tíma hér.

Eins og bent hefur verið á þá er þessi brekka alls ekki stórt svæði og hugmyndin um að hafa einhverjar búðir á neðri hæðum er illa úthugsuð þar sem búðir plumma sig ekki vel hérna eins og tómu húsnæðin í hraunbergi og hólagarði sýna fram á.

Ekki er hægt að segja að þetta sé eitthvað sérlega grænt plan þar sem þið virðist vilja rífa burt trén sem eru hérna til þess að byggja upp þetta hús.

Þétting byggðar er góð en klikkað að reyna þetta byggð hér þar sem nú þegar er þéttbýlasta hverfi/svæði reykjavíkur.

4

Richard Alexander Allen

Umsögn birt **11.08.2025**

Ég hef nokkrar athugasemdir en ég tek undir það sem hin hafa sagt. Mér finnst furðulegt að eyðileggja grænu svæðin enn meira. En mínar athugasemdir eru þannig:

1. Fjarlægð frá lóðarmörkum (Austurberg 28)

Í tillögunni er gert ráð fyrir að aðalbyggingarreitur verði aðeins 2 metra frá lóðarmörkum við Austurberg 28.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 er almennt gert ráð fyrir meira brunabili og birtufjarlægð nema sérstakar brunavarnir séu hannaðar og samþykktar.

Þessi nálægð getur haft veruleg áhrif á birtu, útsýni og aðgengi að nærliggjandi fasteign, auk þess að torvela viðhald og neyðaraðgengi.

2. Lóðarstærð og byggingarmagn

Lóðin er einungis 1.920 m² að flatarmáli, en gert er ráð fyrir þriggja hæða byggingu með bæði íbúðar- og atvinnurými.

Miðað við þetta litla landrými og mikla nýtingu verður lítið svigrúm til nauðsynlegra útisvæða, fráveitu- og drenkerfa, neyðar- og þjónustuaðgengis.

Slík þétting kallar á ítarlegar burðarpóls-, brunavarna- og aðgengishönnun til að uppfylla lög og reglugerðir.

3. Bílastæðafjöldi

Tillagan gerir ráð fyrir einu bílastæði á hverja 3+ herbergja íbúð auk tveggja gestastæða, alls aðeins 2 stæði miðað við 16 íbúðir.

Þetta er verulega undir hefðbundnum viðmiðum byggingarreglugerðar nema formleg undanþága sé veitt. Slíkt getur haft áhrif á nýtingarhæfi mannvirkisins og valdið auknu álagi á nærliggjandi götustæði.

4. Lofthæð bílastæðahúss

Jarðhæð bílastæðahúss er með lofthæð aðeins 2,5 m, sem gæti verið ófullnægjandi m.t.t. loftræstingar, viðhalds og aðkomu sérhæfðs búnaðar.

Byggingarreglugerð krefst þess að hæð sé næg til að tryggja öryggi og fullnægjandi aðgengi.

5. Skuggavarp á Austurberg 28

Skuggagreining sýnir að norðurhlið Austurberg 28 fær 0% sólarljós í meira en 2 klst. á sólstöðum.

Þetta gæti farið gegn markmiðum skipulagslaga um heilnæmt umhverfi og ásættanlega birtu í íbúðarhúsnæði.

6. Aðgengi og utanáliggjandi stigagangar

Tillagan gerir ráð fyrir utanáliggjandi stigagöngum sem geta verið óhentug vegna veðurverndar, snjóhreinsunar og aðgengis fyrir fatlað fólk.

Slíkt þarf að hanna í samræmi við ÍST 50 staðal um algilda hönnun.

Beiðni:

Með vísan til framangreindra atriða óska ég eftir að borgaryfirvöld endurskoði tillöguna með hliðsjón af ofangreindum reglugerðarákvæðum og framkvæmdaáskorunum, og að tryggt verði að byggingin uppfylli allar kröfur um brunavarnir, birtu, aðgengi, bílastæði og útisvæði áður en hún verði samþykkt.

Sædís Guðríður Þorleifsdóttir

Umsögn birt **28.08.2025**

Þéttingarstefna borgarinnar í rótgrónum hverfum er löngu fallin, þetta er ekki eitthvað sem íbúar vilja sjá. Opin svæði eyðilögð eða byggt svo þétt að bæði íbúar sem fyrir eru og í þeim nýju íbúðum sem reistar eru búa við skert lífsgæði.

Bara sorglegt að sjá hvernig fyrirhugað er Austurbergið komi til með að verða, húsum troðið á lítinn blett og alveg ofan í götu og gatan ekkert nema malbik með fjórum akreinum að því manni sýnist, spurning hvort þessar rauðu verði fyrir strætó.

9



Reykjavík, 10. febrúar 2026
USK25040246

Austurberg/Hraunberg – svar við athugasemdum eftir auglýsingu

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskiplag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á horni Austurbergs og Hraunbergs svæði um verslun og þjónustu VP14 – kjarni með fjölbreyttri verslun, þjónustu, stofnunum, félagsstarfsemi og íbúðum.

Deiliskipulag: Í gildi er hverfisskipulag, samþykkt í borgaráði 04 maí. 2022

Erindi var í kynningu frá 17.07.2025 til 28.08.2025

Athugasemdir bárust frá: Guðbjörg Hrafnhetta Ragnarsdóttir (27.07.2025), Helena Stefánsdóttir (24.07.2025), Daria Podenok (10.08.2025), Jósef Benjamín Guðmundsson (10.08.2025), Hrafnsunna Hyrrokkin Celeste Ross (11.08.2025), Richard Alexander Allen (11.08.2025), Helga Rún Guðmundsdóttir Veitur (27.08.2025), Guðlaugur Kristján Jörundsson (27.08.2025) og Sædís Guðríður Þorleifsdóttir (28.08.2025).

Athugasemdir íbúanna

Úrdráttur

Efnislegar athugasemdir er teknar saman í eftirfarandi: Íbúar mótmæla fyrirhuguðum byggingaráformum við Austurberg/Hraunberg. Þeir telja samráð ófullnægjandi, áformin ganga gegn hverfisskipulagi og rýra lífsgæði: skerða birtu, græn svæði, öryggi og þjónustu. Efast er um hagkvæmni verslunar, bílastæðalausnir og hönnun sem samræmist hvorki umhverfi né reglum. Beðið er um opið, raunverulegt samráð og endurskoðun/endur auglýsingu.

Umsagnir hafa verið flokkaðar í eftirfarandi þætti og svarað.

- Samráð
- Gróður og umhverfi
- Birtu skilyrði og skuggavarp
- Verslun og þjónusta
- Samfélagslegar áskoranir
- Framkvæmdartími
- Hönnun og staðsetning byggingar
- Lagnir
- Bílastæði og umferð

Samráð

Umsagnar aðilar gagnrýna Reykjavíkurborg fyrir að þetta byggð í Breiðholti án raunverulegs samráðs við íbúa. Íbúafundur í Austurbergi 28 er gagnrýndur fyrir að gefa íbúum tvenna slæma afarkosti og aðrir umsagnaraðilar segjast hafa verið ómeðvitaðir um áform borgarinnar. Gagnrýnt er að tillaga gangi gegn upphaflegu hverfisskipulagi sem fór í samráð og talið er að ranglega sé vitnað í það samráð til rökstuðnings. Hornið



Reykjavík



Austurberg / Hraunberg var skilgreint sem miðsvæði/torg í upphaflegu samráði, en nú gert að byggingarreit án sérstakrar umfjöllunar eða rökstuðning. Byggingarmagni var síðar bætt inn í hverfisSKIPulagið utan samráðs.

Svar

Vitnað er í samráðskýrslu hverfisSKIPulagsins um borgarhluta 6 – Breiðholti, sem gefin var út af Reykjavík, 20. Desember 2019

Við mótun á tillögum að hverfaskipulagi fyrir hvern hverfis hluta í Reykjavík var farið í viðamiklað samráð við eftirfarandi hópa.

- Íbúa og hagsmunaaðila í hverfunum
- Stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. einingar og svið sem bera ábyrgð fyrir hverjum málaflokki
- Aðrir hagsmuna aðilar.

Auk þess var hverfisSKIPulagið kynnt og rætt við fjölda annarra aðila : fulltrúa fjölmennningar, eldri borgara, grunnskóla, framhaldsskóla fulltrúa fjölmennningar, eldri borgara, grunnskóla, framhaldsskóla og fulltrúa frá háskólum o.fl. Þess ber að geta að á meðan á vinnunni við hverfisSKIPulag í fjórum borgarhlutum stóð yfir voru haldnir um 300 fundir og samráðsviðburðir, en u.þ.b. fjórðungur þessara viðburða tengjast hverfisSKIPulagi Breiðholts með beinum og óbeinum hætti.

Fjöl sóttur íbúafundur var haldinn í Fellaskóla miðvikudaginn, 22. apríl 2015. Þar flutti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávarp og fór yfir viðhorf íbúa til þjónustunnar í hverfinu, fyrirhugaðar framkvæmdir og skóla- og frístundasamfélagið í Breiðholti í heild sinni. Ævar Harðarson kynnti hverfisSKIPulag í Breiðholti. Þess bera að geta að borgarstjóri færði skrifstofu sína í menningarmiðstöðina Gerðuberg í tvær vikur, frá 20. apríl til 1. maí, sem hluta af því að kynna hverfisSKIPulag Breiðholts.

Skipulagsfulltrúar áttar sig á því að langur tími hefur liðið síðan þetta samráð átti sér stað og voru því haldnir fundir með íbúum einstakra hverfiskjarna í Breiðholti síðast liðið sumar.

23. Júní 2025 héldu starfsmenn Reykjavíkurborgar húsfund með íbúum Austurbergs 28 til að kynna fyrir þeim umtalaða deiliskipulagsbreytingu á HverfisSKIPulagi.

Gróður

Umsagnaraðilar hafa áhyggjur af gróðri á lóðinni og að þak bílastæðahús sé ekki vistvænt til gróðursetningar. Umsagnaraðilar hafa einnig áhyggjur af trjágróðri sem mun eyðileggjast á framkvæmdartíma.

Svar


Þó svo að umtalað svæði sé gróið heyrir það ekki undir grænt svæði í aðalskipulagi og er ekki nýtt sem slíkt. Óbyggt svæði þar sem trjágróður og grasflatir hafa fengið að vaxa verður óhjákvæmilega fyrir raski við framkvæmd. Umtöluð deiliskipulagsbreyting leggur þó áherslu á mótun garðrýmis ofan á bílastæðahúsi og gert er ráð fyrir að garðrými Austurbergs 28 framlengist og mun því nýtast betur sem slíkt.

Birtuskilyrði og skuggavarþ

Umsagnaraðilar efast um að gerðar hafa verið faglegar skugga og birtugreiningar á lóð og nærliggjandi byggð. Skuggagreining sýnir að norðurhlíð Austurbergs 28 fær 0% sólarljós í meira en 2 klukkustundir á sólstöðum.



Reykjavík



Svar

Á mynd 1 _skuggavarp, sjást skuggavarps útreikningar á nærliggjandi byggð fyrir og eftir tillögu. Útreikningarni eru þeir sömu og eru á uppdrætti deiliskipulagsbreytingar sem um ræðir.

Mynd 1 _skuggavarp


Á mynd 2 _sólarljós á húshliðum sem umsagnar aðili vitnar í má sjá að norðurhlið nýbyggingar fær ekki beint sólarljós í yfir tvo tíma á dag. Útreikningar miðast þó við jafndægur 21. mars en ekki sumarsólstöður 21. Júní líkt og umsagnaraðili bendir á.

Mynd 2 _sólarljós á húshliðum.

Á mynd 3 _klukkutímar af sólarljósi_ má sjá að útreikningar sýna að norður hlið byggingar fær á bilinu 3 – 12 klukkustundir af sólarljósi yfir 24 klukkutíma á sumarsólstöðum.



Reykjavík



Mynd 3_klukkutímar_af_sólarljósi

Verslun og þjónusta

Umsagnaraðilar hafa litla trú á verslun og þjónustu rýmum á jarðhæð þar sem mörg sambærileg rými í nágreninu standa tóm. Annar umsagnar aðili telur að þéttingaráform í Breiðholti muni skerða þjónustu við íbúa.

Svar

Samkvæmt HverfisSKIPULAGSsuppdrætti er svæðið skilgreint sem Miðsvæði í aðalskipulagi. (Því hefur þó ekki verið breytt í skipulagssjá borgarinnar þar sem svæðið heyrir en þá undir Íbúðarbyggð.) Samt sem áður samræmist hönnun skipulags báðum svæðum þar sem annarsvegar íbúðarbyggð. þar sem er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Sem og miðsvæði sem skilgreinist sem kjarni með fjölbreyttri verslun, þjónustu, stofnunum, félagsstarfsemi og íbúðum. Þó svo þjónusturými í hverfinu séu tóm þá sé borgin að horfa á skipulagið til lengri tíma þar sem hægt verður að skapa félagslega virkni og auka þjónustu við íbúa. Í rýnihópum voru kynntar hugmyndir um uppbyggingu íbúða fyrir eldri borgara á svæðinu í tengslum við þjónustumiðstöð og bæta þannig nýtingu innviða og styrkja torgmyndun á svæðinu. Almennt var vel tekið í hugmyndirnar og svæðið talið heppilegt fyrir íbúðir eldri borgara. (vitnað í bls. 64, kafla: Helstu niðurstöður samráðs, Skýrsla HverfisSKIPULAGS Reykjavíkur Borgarhluti 6. Breiðholti.)





Samfélagslegar áskoranir

Umsagnaraðili hefur áhyggjur af mögulegri aðsókn áfengisneytenda og heimilislausra í bílastæðahús og telur tillögu fela í sér öryggisskerðingu fyrir íbúa Austurbergs.

Svar

Útfærsla bílastæðakjallara er ekki unnin á þessu stigi heldur þegar lengra er gengið á hönnunarferlið. Þó er vitað að bílageymsla þarf að vera opin vegna reglna um aðgengi hreyfihamlaða.

Framkvæmdartími

Umsagnaraðili vinnur heima og óttast skerðingu á lífsgæðum, truflun á vinnu og þar með tekjuskurðingu vegna áreitis á framkvæmdartíma.

Svar

Varðandi áreitis á framkvæmdartíma þá mun framkvæmdum alltaf fylgja eitthvert rask á meðan þær standa yfir en framkvæmdaaðili þarf að uppfylla kröfur um öryggi á vinnuvæði á grundvelli byggingarreglugerðar, reglur um hávaða samkvæmt hávaðareglugerð nr. 724/2008 og einnig þeim kröfum sem vinnueftirlitið setur.

Hönnun og staðsetning byggingar : Umsagnaraðili hefur áhyggjur af staðsetningu byggingarreits sem er staðsettur 2 metrum frá næstu lóðarmörkum og mun hafa áhrif á birtuskilyrði og aðgengi að nærliggjandi byggingu. Umsagnaraðili bendir einnig á brunabil milli bygginganna og vitnar í skipulagslög nr. 123/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Hönnun fyrirhugaðrar byggingar samræmist ekki öðrum byggingum í hverfinu.

Umsagnaraðili bendir á að lofthæð bílastæðahúss sé aðeins 2.5 metrar og gæti því verið ófullnægjandi m.t.t. loftræsingar, viðhalds og aðkomu sérhæfðs búnaðar.

Svar:

Venjulega er lágmarks fjarlægð byggingarreits frá næstu lóðarmörkum 2 metrar í þéttbýli, en það getur verið breytilegt eftir byggingarstíl og í samræmi við sérstök skilyrði í skipulagi hvers hverfis fyrir sig. Í umtalaðri deiliskipulagsbreytingu hefur aðalbyggingarreitur verið minnkaður frá upprunalegur samþykktu deiliskipulagi. Þetta er gert til þess að aðlagða byggingarreitinn að landhalla sem og til að nýta svæði sem best. Almenn gildir um útfærslu lóða að gætt sé í hvívetna að því að skerða ekki nýtingu á næstu lóðum og aðgengi sé tryggt að nærliggjandi byggð.

Samkvæmt byggingarreglugerð á Íslandi þarf lofthæð í bílastæðahúsi fyrir íbúðarhús almennt að vera a.m.k. 2,4 metrar. Þetta tryggir að nægt rými sé fyrir venjulegan bíl og aðgengi að þeim. Þó eru gerðar meiri kröfur fyrir stæði hreyfi-hamlaða og miðast þar við 2.6 metra fría lofthæð, svo stærri bílar og ferðaþjónustubílar geti notað þau. Skipulagsfulltrúi þakkar fyrir umsögn og breytingar verða gerðar á skipulagi.

- *Breytingar hafa verið gerðar á skipulagsuppdrætti þar sem lofthæð bílageymslu hefur verið aukið úr 2.5 metrum í 2.6 metra.*

Skipulagslög nr. 123/2020 eru lög á Íslandi sem hafa það að markmiði að stuðla að skipulagi lands, byggðar og umhverfis. Með lögunum er tryggt að skipulag sé í samræmi við almenna hagsmuni og að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar hafi möguleika á að koma að ferlinu. Eins og fram hefur komið hefur það verið gert í gegnum samráðsferli



hverfiskipulagsins. Lögin kveða einnig á um skipulagningu á nýjum byggingum og í lögunum er gert ráð fyrir að skipulag skuli taka mið af öryggispáttum, þar á meðal brunavörnum. Mikilvægt að tryggja að bil sé á milli bygginga til að hindra útbreiðslu elds og til að auðvelda aðgengi að þeim sem koma að slökkvistarfi.

Í Reykjavík eru reglur um bil á milli bygginga fyrst og fremst settar fram í aðalskipulagi borgarinnar og byggingarreglugerð. Þessar reglur eru hannaðar til að tryggja öryggi, aðgengi og aðgengi að náttúru og birtu.

Almennt séð eru reglur um bil á milli bygginga þær að séu lágmarki 2,5 metrar á milli bygginga, en þessi fjarlægð getur verið breytileg eftir tegund bygginga, hæð þeirra og notkun.

Samkvæmt deiliskipulagsupprætti er aðalbyggingarreitur meira en 15 metrum frá næstu aðliggjandi byggingu og er mat skipulagsfulltrúa að staðsetning nýbyggingar stuðli ekki að aukinni brunahættu.

Lagnir: Fram og bakrás hitaveitu liggur í stökk í gangstétt við lóð. Lega þeirra er óviss og er óinnmæld á upprætti: Hætta er á raski/skemmdum ef grafið er of nærri eða undan stökknum. Einnig er bent á tæknilega tengiskilmála sem fjalla um staðsetningu inntaksrýma og heimalagna og benda á að nauðsynlegt er aðkoma lagna sé tryggð.

Svar

Veitur hafa hug á að endurnýja hitaveitulagnirnar sem eru í stökknum samhliða uppbyggingu reitarins og þá þyrfti ekki að hafa áhyggjur af stökknum á framkvæmdatíma og þarf ekki að innmæla sérstaklega.

Bílastæði og umferð: bent er á að tillagan geri ráð fyrir einu bílastæði á hverja 3+ herbergja íbúð auk tveggja gestastæða. Skortur á bílastæðum mun skerða þjónustu við íbúa hverfisins.

Svar.

Fjöldi bílastæða í deiliskipulagsbreytingu skal vera samræmi við „Bíla- og hjólastæða stefnu Reykjavíkur og áherslur Aðalskipulags Reykjavíkur“ Þar er Reykjavík skipt upp í svæði I og svæði II. Umtöluð deiliskipulagsbreyting heyrir undir svæði I og miðast því fjöldi bílastæða við meðfylgjandi töflu úr aðalskipulagi (sjá mynd 4). Fjöldi herbergja hvernar íbúðar hefur ekki verið ákveðin en gert er ráð fyrir allt að 16 bílastæðum í bílageymslu eins og sýnt er á útskýringarmyndum á bls. 2 í deiliskipulagsbreytingu. Það þýðir að fjöldi bílastæða verði í hámarki samkvæmt kröfu um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík



Reykjavík



Tafla 1 Kröfur um fjölda bíla- og hjólastæða fyrir íbúðarhúsnæði. Fjöldi bílastæða fer eftir stærð íbúða.

KRÖFUR UM FJÖLDA BÍLA- OG HJÓLASTÆÐA Í REYKJAVÍK						
		BÍLASTÆÐI				HJÓLASTÆÐI
		SVÆÐI I		SVÆÐI II		SVÆÐI I og II
		Viðmið	Hámark	Viðmið	Hámark	
ÍBÚÐARHÚSNÆÐI		(stæði/íbúð)				
Fjölbýllis/érbyllí ¹	1 herbergi	0,25	0,75	0,5	1	2
	2 herbergi	0,5	0,75	0,75	1	
	3 herbergi	0,75	1	1	1,5	
	4+ herbergi	0,75	1	1	1,5	
	Gestir	0,1 pr. íbúð		0,1 pr. íbúð		-
Námsmannalíbúðir ²	1-2 herbergi	0	0,2	0,2	0,5	1-2
	3 herbergi	0	0,2	0,2	1	2
	4+ herbergi	0	0,4	0,4	1	
Hjúkrunar- og dvalarheimilí ³	Míða við 0,1 gestastæði pr. rúm. Fjöldi starfsmannastæða skal mæla hverju sinni.					

Mynd 4_Tafla_Kröfur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík

Niðurstaða

- *Komið er til móts við athugasemd um hámarks lofthæð í bílageymslu og hefur deiliskipulagsuppdráttur verið uppfærður þar sem lofthæð fer úr 2,5 metrum í 2.6 metra.*
- *Bætt hefur verið skilmálum um heimalagnir samkvæmt leiðbeiningum frá Veitum*
- *Að öðru leiti er lagt til að erindið verði samþykkt.*

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hjördís Sóley Sigurðardóttir
deildarstjóri



Reykjavík